

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabet Rán Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 28. nóvember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands (57. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að breyta lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna nýrra laga um Ríkisútvarpið ohf.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur fram að útgjöld ríkisins muni aukast um 138 milljónir króna, nái það fram að ganga. Í raun er hér því um auknar fjárveitingar til Ríkisútvarpsins um 138 milljónir að ræða. Viðskiptaráð minnir á að Ríkisútvarpið er í samkeppni við einkaaðila um áhorfendur og auglýsendur. Sú samkeppnisstaða er verulega skekkt með framlögum ríkisins auk lögboðnum afnotagjöldum. Viðskiptaráð telur eðlilegt að ríkið hætti rekstri Ríkisútvarpsins. Að minnsta kosti ætti að vera hægt að gera þá lágmarkskröfu að framlög til stofnunarinnar séu ekki aukin. Aukinheldur telur ráðið að fjármunum ríkissjóðs væri betur varið til að lækka skatta eða borga niður skuldir í stað þess að starfrækja Sinfóníuhljómsveit.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs